

Sveitarfélagið Vogar  
Iðndal 2  
190 Vogar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. febrúar 2012  
Tilvísun: UST20120200016/ksj

### **Aðalskipulagsbreyting Sveitarféluginu Vogum, athafnasvæði Keilisnesi, skipulags- og matslýsing. Umsögn**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga er barst 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulags- og matslýsingu fyrir tillögu að breyttu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga, vegna iðnaðar- og athafnasvæðis á Keilisnesi á Vatnsleysuströnd.

Fram kemur í inngangi lýsingar, að Sveitarfélagið Vogar vinnur að tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna áforma um matvæla- og líftækniklasa á svæðinu við Keilisnes í landi Flekkuvíkur og austari hluta Kálfatjarnar. Áætla þarf staðsetningu vegtengingar við Vatnsleysustrandarveg ásamt fráveitu frá væntanlegri starfsemi. Bætt verður við 50 hekturum af athafnasvæði og 50 hekturum af skilgreindu 100 hektara iðnaðarsvæði verður breytt í athafnasvæði.

### **Afmörkun svæðis og staðhættir**

Svæðið sem breytingarnar ná yfir er norðan Vatnsleysustrandarveggar í landi Flekkuvíkur og austari hluta Kálfatjarnar. Landsvæðið í Flekkuvík þar sem áætlað er að byggja upp iðnaðarsvæði, er í dag óbyggt svæði úr jörðunum Flekkuvík 1 og 2 sem eru í eigu ríkisins. Iðnaðarsvæðið er um 100 ha staðsett norðan Vatnsleysustrandarveggar og milli Kálfatjarnar og Vatnsleysu. Ofangreint svæði hefur ekki verið deiliskipulagt en Flekkuvík er eyðijörð og á henni standa 2 óíbúðarhæf íbúðarhús. Engir innviðir eru á svæðinu þ.e.a.s. lagnir, veitur o.þ.h.

### **Umhverfisáhrif**

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er listi yfir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ofangreindum lögum. Á ofangreindum lista nánar tiltekið í lið 1.a kemur eftirfarandi fram: „*Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.*“ Breytingin sem felst í áætlaðri tillögu að breyttu aðalskipulagi er að taka landareign í dreifbýli alls 100 ha undir athafna- og



iðnaðarsvæði er því tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar.

Einnig kemur fram að áætlað er að matvæla- og líftæknistarfsemi verði á svæðinu sem gæti fallið undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### **Umhverfisþættir**

Í töflu á bls. 5 í lýsingunni er farið yfir þá þætti sem meta skal í skipulagsvinnunni. Umhverfisstofnun tekur undir að meta þurfi áhrif á náttúruminjar við skilgreiningu svæðanna. Að mati stofnunarinnar þarf einnig að meta áhrif á eldhraun er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig telur stofnunin mikilvægt að sjónræn áhrif framkvæmdanna verði metin enda nær fyrirhuguð framkvæmd yfir stórt óraskað hraunsvæði og getur því haft veruleg sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun telur þetta mikilvægt í ljósi þess að í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru frístundabyggðir og einnig er stunduð útivist almennings á fögnum ströndum í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Einnig telur Umhverfisstofnun mikilvægt að umhverfisáhrif frá væntanlegum framkvæmdaraðilum á sjó í formi frárennslis verði athuguð til að koma í veg fyrir ofauðgun eða að frárennslis með of hátt hitastig fari beint í sjóinn. Í töflunni kemur fram að opið haf fyrir utan Keilisnes þyki almennt góður viðtaki. Ekki fylgir nákvæm skilgreining á því hvað er góður viðtaki. Umhverfisstofnun bendir á að í reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 er *viðtaki* skilgreindur sem *svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir*. Umhverfisstofnun bendir á að í sömu reglugerð er *síður viðkvæmur viðtaki* skilgreindur sem ármyrri eða strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið. Einnig bendir stofnunin á að í 20. gr. ofangreindrar reglugerðar kemur fram að sveitarstjórnir skulu senda tillögur að skilgreiningu viðtaka sem er síður viðkvæmur ásamt fullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar. Stofnunin metur hvort gögnin sýna góða hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi og eru í samræmi við fylgiskjal 2 með reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 og staðfestir skilgreininguna ef svo er.

### **Þættir sem talið er að geti valdið umhverfisáhrifum**

Umhverfisstofnun tekur undir þau atriði sem talin eru upp í kaflanum og geta mögulega valdið verulegum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir á að Umhverfisstofnun fer með stjórnsýslu náttúruverndarmála og eitt af hlutverkum stofnunarinnar er að meta verndargildi náttúru Íslands og náttúruminja ásamt því að hafa eftirlit með að náttúru landsins sé ekki spillt sjá m.a. 6. gr. laga nr. 44/1999. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal stofnunin hafa eftirlit með efnistöku á landi, og skv. 37. gr. sömu laga skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar, en samkvæmt þeim skal forðast röskun þeirra ef þess er nokkur kostur. Þær jarðmyndanir er um ræðir eru m.a. eldvörp, gervigigar og eldhraun.

### **Umhverfismat**

Í umfjöllun um gerð umhverfisráðgjafar sem hluta af greinargerð breytingartillögunnar eru taldir upp þættir sem fjallað verður um. Þar segir: „*Skóða þarf staðsetningu fráveitu með tilliti til náttúru- og menningarminja í samræði við Fornleifavernd ríkisins og*



*Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja vegna fráveitu". Í ljósi ofangreinds er ljóst að hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun við staðsetningu frárennslis varðandi mögulega röskun á náttúruminjum.*

### **Stórskipahöfn, fyrirliggjandi stefna**


Í nágildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028 er gert ráð fyrir stórskipahöfn í Flekkuvík, sem komi til með að þjónusta fyrirhugað iðnaðarsvæði við Flekkuvík. Umhverfisstofnun bendir á að hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um, eru skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.


### **Náttúruminjar**

Í inngangi lýsingar kemur fram, að að fara þurfi fram skoðun á því hvort breyta þurfi afmörkun og skilmálum hverfisverndar, t.d. vegna nauðsynlegra fráveitulagna og vatnsöflunar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að aðlaga athafnasvæði að hverfisvernduðu svæði og að leitast verði við að halda strandlengjunni ósnortinni og unnið verði að því að viðhalda aðgengi fyrir almenning meðfram ströndinni. Að mati Umhverfisstofnunar er hverfisvernduð fjaran mótvægi við athafnasvæðið, enda jarðmyndanir og jarðminjar í sjó fram og því mikilvægt að einkenni landslagsins fái að halda sér sem best þótt skipulagt verði athafnasvæði á Keilisnesi og í Flekkuvík. Ráðgert er að taka frá víðfemt svæði fyrir athafnasvæði og er mikilvægt að staðið verði vel að skipulagningu þess svæðis og unnið að því að koma í veg fyrir að allt hraun á athafnasvæðinu verði sléttá út.

Fram kemur í lýsingunni að svæðið er hluti af samfelldri hraunbreiðu á norðanverðu Reykjanesi. Hraunið einkennist af tiltölulega sléttum en missprungnum klöppum. Ofangreint svæði í landi Flekkuvíkur er ekki á svæði á náttúruminjakrá en Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd er nútímahraun undir sérstakri vernd sbr. 37. gr. laganna og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skoða vel jarðminjar þ.e. hraun á svæðinu í þeim tilgangi að vernda heillegustu hraunsvæðin og koma í veg fyrir röskun þeirra. Mikilvægt er að yfirborðseinkenni svæðisins og einkenni landslagsins á svæðinu haldist óbreytt.

Virðingarfyllst

  
Adalbjörg B. Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

